

## Góðum árangri fagnað

Ásta Rut Jónasdóttir, formaður stjórnar Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, fagnaði góðum árangri í rekstri sjóðsins á árinu 2013 í ræðu sinni á ársfundinum þann 17. mars. „Góð afkoma lífeyrissjóðs kemur ekki sjálfkrafa og er blanda af dugnaði, eljusemi, kunnáttu og færni ásamt hæfilegri blöndu af varkárni og áræðni,“ sagði Ásta Rut. Hún benti einnig á að undanfarin fimm ár hafi lífeyrisgreiðslur sjóðsins numið háum fjárhæðum: „Á verðlagi í dag eru þetta 41,6 milljarðar króna og ef við bætum árinu 2008 við er heildarfjárhæðin nærri því að vera 50 milljarðar.“ Ræða Ástu Rutar fer hér á eftir í heild.

### Allir eignaflokkar með jákvæða raunávöxtun

Góðir sjóðfélagar! Við getum á ný fagnað góðum árangri Lífeyrissjóðs verzlunarmanna. Ávöxtun á árinu 2013 var 10,3% og að teknu tilliti til verðbólgu var hrein raunávöxtun sjóðsins 6,3% og skiluðu allir eignaflokkar jákvæðri raunávöxtun. Höfum í huga, að þessi ávöxtun kemur eftir hið afburða góða ár 2012, þegar hrein raunávöxtun var 8,5% og er ekki hægt annað en að vera ánægður með árangur sjóðsins en í mínum huga er fyrst og fremst þakklæti til starfsmanna sjóðsins fyrir trúmennsku og eljusemi við störf sín fyrir sjóðinn. Góð afkoma lífeyrissjóðs kemur ekki sjálfkrafa og er blanda af dugnaði, eljusemi, kunnáttu og færni ásamt hæfilegri blöndu af varkárni og áræðni.

### Góður árangur ekki tilviljun

Árangur sjóðsins er heldur engin tilviljun eða heppni, sem sést best þegar athugaður er árangur sjóðsins um langan tíma. Raunávöxtun Lífeyrissjóðs verzlunarmanna undanfarin fimm ár, það er meðalávöxtun, er 4,4%. Undanfarin tíu ár var meðalávöxtunin 3,4% og við skulum hafa það í huga að í þeim tölum er meðtalið áfallaárið mikla 2008. Það er líka talið með í tuttugu ára meðalávöxtun sjóðsins sem er 4,6%. Þetta er einkar athyglisverður árangur þegar haft er í huga að samkvæmt lögum er viðmiðið 3,5% notað við mat á tryggingafræðilegri stöðu en stundum er því haldið fram að það viðmið sé allt of hátt og óraunhæft. Reynsla undanfarinna tuttugu ára styður ekki slíkar fullyrðingar.

### Meiri lífsgæði

Þessi góði árangur í starfi sjóðsins styrkir hann og getu hans til að greiða lífeyri, enda mælist nú tryggingafræðileg staða Lífeyrissjóðs verzlunarmanna jákvætt, sem nemur 0,9%. Við verðum að hafa í huga að samhliða miklum peningalegum vexti sjóðsins hafa skuldbindingar hans einnig aukist á síðustu árum meðal annars vegna hækkandi aldurs Íslendinga, en meðalævi bæði karla og kvenna hefur lengst umtalsvert á síðustu áratugum.

Með bættum lífsstíl, framförum í læknávisindum og betri aðbúnaði hafa lífsgæði einnig aukist mikið frá því sem áður var og með hækkandi aldri hefur fólk getað búið við þessi bættu lífsgæði mun lengur. Þar kem ég að hlutverki lífeyrissjóðanna og getu þeirra til að gegna því hlutverki sínu.

### **Jákvæð staða á ný**

Tryggingafræðileg staða er mælikvarði á hversu vel lífeyrissjóður getur staðið við skuldbindingar sínar, svo ég noti hæfilega einföldun í þessu samhengi. Þegar hún er jákvæð merkir það að sjóðurinn getur staðið við skuldbindingar sínar. Þannig er staðan núna, hvað Lífeyrissjóð verzlunarmanna varðar, eftir að staðan hefur verið neikvæð um nokkurt skeið. Þess vegna er það svo ánægjulegt einmitt nú, að staðan er jákvæð, þrátt fyrir að lífslíkur hafi aukist, sem þýðir að sjóðurinn mun þurfa að greiða hverjum og einum lífeyrisþega, að meðaltali, lífeyri lengur en áður.

Þetta þýðir að heildargreiðslur til hvers lífeyrisþega fara að meðaltali hækkandi af þessum sökum. Við erum smám saman að taka meira og meira úr sjóðnum. Iðgjöld hafa ekki hækkað, því er góð ávöxtun ein af forsendum þess að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar og greitt sjóðfélögum lífeyri í framtíðinni.

### **Mikilvægt að vanda til verka**

Á það hefur verið bent að lífeyriskerfi okkar á Íslandi þurfi að taka breytingum vegna þessarar þróunar og er afar mikilvægt að vandað verði til verka þegar þær breytingar ganga í garð. Reyndar er nú þegar hafin vinna við undirbúning þess og koma Landssamtök lífeyrissjóða meðal annars að því starfi. Ekki aðeins þarf að vanda til verksins, heldur er ekki síður mikilvægt að viðtæk sátt ríki um innihald þeirra breytinga sem gera þarf sem og um framkvæmdina þannig að fyrir sjóðfélaga, einkum lífeyrisþega, verði röskun sem minnst við þær breytingar sem gera þarf.

Með hverju ári sem líður mynda sjóðsfélagar fyllri réttindi hjá lífeyrissjóðunum, eftir að leitt var í lög 1997 að allir skyldu greiða iðgjöld í lífeyrissjóði af öllum launum. Þó eru enn allstórir hópar fólks sem hefur lítil eða takmörkuð réttindi, þar sem áður var ekki öllum skylt að greiða í lífeyrissjóð.

### **Mikil fjölgun lífeyrisþega**

Þetta, ásamt fjölgun þjóðarinnar og hækkandi aldri veldur því svo að stöðugt fjölgar þeim sem fá sinn lífeyri frá lífeyrissjóðunum um leið og hver og einn fær að meðaltali hærri fjárhæð en árið áður. Fyrir áratug. Árið 2004, fengu nærri sjö þúsund lífeyrisþegar greiddan lífeyri frá Lífeyrissjóði verzlunarmanna, þar af fengu ríflega þrjú þúsund og sjö hundruð greiddan ellilífeyri, eða ævilangan lífeyri. Tíu árum síðar, árið 2013, fengu rétt tæplega tólf þúsund og tvö hundruð lífeyrisþegar greiddan lífeyri frá sjóðnum, eða um 75% fleiri en áratug fyrr. Ellilífeyri fengu nærri sjö þúsund og sjö hundruð, eða nærri 110% fleiri en áratug fyrr.

Ellilífeyrisþegum hefur sem sagt fjölgað mun meira en lífeyrisþegum í heild og má telja víst að það endurspeglí meðal annars það að fólk nær hærri aldri en áður.

### **Um 50 milljarðar á 6 árum**

Ég nefndi áðan að lífeyrisgreiðslur hafa hækkað og að meðaltali hafa lífeyrisgreiðslur á hvern lífeyrisþega hækkað ár frá ári. Dæmi um það er að á árinu 2013 greiddi sjóðurinn um níu milljarða króna í lífeyri úr sameignardeild, en um átta milljarða árið 2012. Þetta er hækkun um milljarð, eða 12,7%, en lífeyrisþegum fjölgaði hins vegar á sama tíma um 7,5%. Á undanförunum fimm árum, 2009 til og með 2013, greiddi Lífeyrissjóður verzlunarmanna samtals út 38,1 milljarð króna í lífeyri úr sameignardeild og 3,5 milljarða úr séreignardeild. Á verðlagi í dag eru þetta 41,6 milljarðar króna og ef við bætum árinu 2008 við er heildarfjárhæðin nærri því að vera 50 milljarðar.

Þetta eru gríðarlega miklir fjármunir og er ástæða til að leggja áherslu á að þessar greiðslur komu frá söfnun lífeyrisþeganna í eigin lífeyrissjóð og ávöxtun þess fjár frá ári til árs. Án þessarar söfnunar, með greiðslu iðgjalda í sjóðinn og ávöxtun þeirra, er alls óvíst hvað þessir lífeyrisþegar hefðu fengið. Ef hér væru ekki lífeyrissjóðirnir, eins og þeir eru nú, hefði fólk þurft að treysta á greiðslur frá ríkinu, væntanlega í gegn um Tryggingastofnun ríkisins. Til að fjármagna þær greiðslur hefði því þurft að skattleggja skattgreiðendur fyrir allri fjárhæðinni.

Þá þarf einnig að muna að Lífeyrissjóður verzlunarmanna er ekki einn. Samtals greiddu lífeyrissjóðirnir í landinu nærri 90 milljörðum króna í lífeyri á árinu 2013. Spyrja má hvort skattgreiðendur hefðu getað bætt þeirri byrði á sig?

### **Byggt á samfélagssátt**

Lífeyriskerfi sem byggir á sjálfbærni kynslóðanna byggir á samfélagssátt og var grunnur að þessari sátt lagður fyrir meira en 40 árum síðan þegar byrjað var að byggja upp lífeyriskerfi byggt á söfnun iðngjalda. Búið er að leggja grunninn að kerfinu og uppbygging þess langt komin en þó er henni ekki lokið. Alþjóðabankinn hefur fjallað um uppbyggingu lífeyriskerfisins á Íslandi og kallað það best heppnuðustu efnahagsaðgerð á Íslandi. Eflaust finnst einhverjum þessi ummæli Alþjóðabankans ekki merkileg þó þau komi frá virtri alþjóðastofnun. Mörg ríki í kringum okkur hafa byggt upp kerfi sem taka einungis mið af réttindasöfnun sem skattgreiðendur hvers tíma greiða og eru slík kerfi nefnd gegnumstreymiskerfi og eru mörg ríki í kringum okkur að fást við eftrílaunakrísu vegna þess að réttindi hafa safnast upp en engir sjóðir og með hækkandi lífaldri verður sífellt erfiðara að standa undir greiðslum til lífeyrisþega. Það að hver kynslóð standi undir sínum lífeyri er mun réttlátari aðferð en að skattgreiðendur framtíðarinnar sjái um þær greiðslur.

### **Þróunin er í rétta átt**

Til þess að geta greitt lífeyri eins og sjóðurinn er skuldbundinn til þarf hann að geta ávaxtað féð sem honum er trúað fyrir. Afar mikilvægt er því að vel takist til með ávöxtun sjóðsins og til að

svo megi vera þarf sjóðurinn að vera í góðum höndum, stjórnenda og starfsfólks. Jafnframt þarf sjóðurinn að eiga möguleika á að fjárfesta en möguleikar til fjárfestinga hafa aðeins farið batnandi á undanförunum misserum með uppbyggingu atvinnulífsins og fjölgun fyrirtækja. En auðvitað vildum við sjá örari uppbyggingu og meiri fjölgun fyrirtækja til dæmis í kauphöllinni, en það góða er að þróunin er í rétta átt.

Lokað hagkerfi á Íslandi er áhyggjuefni og til lengri tíma litið getur slíkt umhverfi dregið úr afkomu sjóðsins og þar með réttindum sjóðsfélaga ásamt því að hafa veruleg neikvæð áhrif á innviði samfélagsins alls. Erlendar fjárfestingar verða hlutfallslega minni ár frá ári vegna gjaldeyrishafta. Lífeyrissjóður verzlunarmanna stendur þó nokkuð vel að vígi á því sviði með um 27% eigna sinna erlendis. Það treystir stoðir sjóðsins vegna þeirrar dreifingar áhættu sem í því felst.

### **Þurfum fleiri möguleika**

Þá er vert að minna á að lífeyrissjóðirnir hafa ekki getað fjárfest í afar stórum hluta atvinnulífsins. Ég nefni þar nánast allan sjávarútveginn og fiskvinnsluna, ferðaþjónustuna utan Icelandair, stóriðju, matvælaframleiðslu, byggingariðnað og fjölmiðlun svo dæmi séu tekin. Það mundi vissulega auka fjölbreytni fjárfestingarmöguleikanna ef fyrirtæki úr þessum geirum tækju að uppfylla þau skilyrði sem lífeyrissjóðunum eru sett til fjárfestinga, til dæmis með skráningu í kauphöllina.

Lífeyrissjóðirnir eru stundum gagnrýndir fyrir að fjárfesta ekki í nýsköpun. Sú gagnrýni er ekki allskostar á rökum reist. Sjóðirnir mega fjárfesta í félögum, þótt þau séu ekki skráð í kauphöllina, eftir tilteknum reglum. Það gera þeir. Þau félög fjárfesta síðan í til dæmis nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum. Þetta er gert til að auka öryggi fjárfestinganna og tryggja eftir megni að ekki sé fjárfest í illseljanlegum eða ótryggum eignum. Þannig hefur Lífeyrissjóður verzlunarmanna fjárfest í gegnum eignarhaldsfélög og framtakssjóði í nýsköpunarfyrirtækjum og nemur sú fjárfesting og fjárfestingarloforð nú um tveimur milljörðum króna.

### **Afar traust og góð fjárfesting**

Ég hef rætt hér nokkuð um mikilvægi þess að vel sé á málum haldið við stjórnun og rekstur sjóðsins, ekki síst við fjárfestingar enda eru þær lykillinn að ávöxtun sjóðsins og afli hans til að greiða lífeyri. Ein aðferð við fjárfestingar hefur legið undir nokkurri gagnrýni en það eru hlutabréfakaup. Lífeyrissjóðir fengu heimild til að fjárfesta í hlutabréfum árið 1984, eða fyrir 30 árum. Auðvitað hafa hlutabréf ekki öll reynst jafn vel, varla er við öðru að búast og óraunhæft að ætlast til að algjörlega allt gangi upp. Hins vegar, ef staðreyndir eru skoðaðar, kemur í ljós að hlutabréfaeign Lífeyrissjóðs verzlunarmanna hefur, á þessum tíma frá 1984, reynst afskaplega traust og góð fjárfesting. Árleg raunávöxtun hlutabréfaeignar sjóðsins í íslenskum félögum frá upphafi er 8,9%. Það er að meðtöldum öllum sveiflum í gengi þeirra, verðhækkunum, verðfalli, arðgreiðslum og hlutabréfaviðskiptum. Hlutabréfaeign sjóðsins hefur því sannarlega lagt mikið af mörkum til að efla sjóðinn og gera honum kleift að gegna hlutverki sínu.

## **Strangt og viðamikið eftirlit**

Einnig er vert að minnast á þá gagnrýni sem stundum heyrir að stjórnarmenn og stjórnendur lífeyrissjóðsins starfi ekki af heilindum fyrir sjóðinn og sjóðsfélagana. Efnisleg rök hafa ekki verið færð fyrir þessari gagnrýni og vert er að minna á að allir lífeyrissjóðir þurfa að hafa gilt starfsleyfi, þeir starfa eftir lögum frá Alþingi, stjórnarmenn og framkvæmdastjórar þurfa að standast hæfismat hjá FME, endurskoðendur starfa eftir lögum og endurskoðunarstöðlum, tryggingastærðfræðingar starfa eftir reglugerðum. Auk þess sendir Lífeyrissjóður verzlunarmanna á hverju ári ítarleg gögn til FME um starfsemi sjóðsins og getur FME hvenær sem er kallað eftir gögnum eða gert úttekt á sjóðnum. Fá atvinnustarfssemi á Íslandi býr við eins umfangsmikið regluverk og eftirlit eins og lífeyrissjóðir.

## **Kjölfesta í samfélaginu**

Að lokum er mikilvægt að muna að lífeyrissjóðirnir eru kjölfesta í íslensku samfélaginu og gegna mikilvægu hlutverki. Í dag treysta yfir tólf þúsund sjóðsfélagar á greiðslur frá sjóðnum í hverjum mánuði og fer þessi tala hækkandi ár frá ári. Við sjóðsfélagar í Lífeyrissjóði verslunarmanna getum verið stolt af okkar sjóði og við Íslendingar stolt af þeirri framsýni sem kynslóðirnar á undan okkur vörðuðu við uppbyggingu lífeyriskerfisins.



LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

# ÁRSFUNDUR

17. MARS

2014

## IÐGJÖLD Í M.KR.


	2013	2012
Sjóðfélagar	6.384	6.032
Launagreiðendur	12.505	11.643
Framlag v/jöfnunar örorkubyrði	295	322
<b>Samtals</b>	<b>19.184</b>	<b>17.997</b>
Aukning	6,6%	
Á greiðslugrunni	5,9%	

## LÍFEYRISGREIÐSLUR Í M.KR.

	2013	2012
Ellilífeyrir	6.144	5.307
Örorkulífeyrir	1.825	1.713
Makalífeyrir	625	594
Barnalífeyrir	100	103
Séreignargreiðslur	334	415
<b>Samtals</b>	<b>9.028</b>	<b>8.132</b>



# SKIPTING LÍFEYRISGREIÐSLNA 2013



## FJÖLDI LÍFEYRISÞEGA

	2013	2012
Ellilífeyrir	7.669	6.963
Örorkulífeyrir	2.646	2.533
Makalífeyrir	1.336	1.288
Barnalífeyrir	524	546
<b>Samtals</b>	<b>12.175</b>	<b>11.330</b>

## FJÁRFESTINGARTEKJUR Í M.KR.

	2013	2012
Skuldabréf	17.677	18.673
Innlend hlutabréf og hlutdeildarskírteini	14.585	5.665
Erlend verðbréf	8.686	22.922
Annað	1.383	207
<b>Samtals</b>	<b>42.331</b>	<b>47.467</b>

## REKSTRARGJÖLD – AÐRAR TEKJUR Í M.KR.

	2013	2012
<b>Fjárfestingargjöld</b>		
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	359	331
<b>Rekstrarkostnaður</b>		
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	380	341
<b>Aðrar tekjur</b>	75	71

## REKSTRARKOSTNAÐUR

	2013	2012
Kostnaður í % af eignum, skilgreining FME	0,07%	0,07%
Rekstrar- og fjárfestingargjöld í % af eignum	0,16%	0,16%
Stöðugildi	32,9	31,1

---

## ÞJÓNUSTA VIÐ SJÓÐFÉLAGA

---

- » Fjöldi launagreiðenda **7.800**
- » Greiðandi sjóðfélagar **48.000**
- » Lífeyrisþegar að meðaltali **11.900**
- » Fjöldi lána til sjóðfélaga **8.300**

## HREIN EIGN TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS Í M.KR.


	2013	2012
Breyting á hreinni eign á árinu	51.620	56.692
Hrein eign frá fyrra ári	402.205	345.513
<b>Hrein eign í árslok</b>	<b>453.825</b>	<b>402.205</b>

## EFNAHAGSREIKNINGUR Í M.KR.

	2013	2012
Verðbréf með breytilegum tekjum	200.745	166.647
Verðbréf með föstum tekjum	191.127	166.917
Veðskuldabréf	43.408	43.297
Bankainnstæður	29.943	35.999
Aðrar eignir	3.070	2.844
Skuldir	-14.468	-13.499
<b>Samtals</b>	<b>453.825</b>	<b>402.205</b>



# SKIPTING EIGNASAFNS 2013



## STAÐA NIÐURFÆRSLU SKULDABRÉFA Í M.KR.

Sundurliðun á niðurfærslu	2013	2012
Veðskuldabréf	2.264	2.291
Skuldabréf banka og sparisjóða	3.772	3.771
Skuldabréf fyrirtækja	4.742	6.554
<b>Samtals</b>	<b>10.778</b>	<b>12.616</b>
Fært út á árinu	1.597	6.723
Breyting á niðurfærslu	-185	-204

# VERÐBRÉFAVIÐSKIPTI Í M.KR.

## Kaup umfram sölu

Innlend skuldabréf	28.970
Innlend hlutabréf	12.506
Erlend verðbréf	4.303
<b>Samtals</b>	<b>45.779</b>

---

# INNLEND SKULDABRÉF

---

» Skuldabréfaviðskipti námu **40,2** milljörðum

□ Keypt skuldabréf **34,6** milljarðar

□ Seld skuldabréf **5,6** milljarðar

» Skuldabréfaeign í árslok **234,5** milljarðar

» Skuldabréfaeign **50%** af eignasafni

# LÁNVEITINGAR TIL SJÓÐFÉLAGA

	2013	2012
Fjöldi lána	203	199
Heildarfjárhæð í m.kr.	1.610	1.207

---

# INNLEND HLUTABRÉF

---

- » Hlutabréfaviðskipti námu **12,5** milljörðum
- » Hlutabréfaeign í árslok **74,8** milljarðar
- » Hlutabréfaeign **16,0%** af eignasafni

---

# ERLEND VERÐBRÉFAEIGN

---

» Erlend verðbréfaviðskipti námu **29,7** milljarður

□ Keypt verðbréf **17,0** milljarðar

□ Seld verðbréf **12,7** milljarðar

» Eign í árslok **125,9** milljarðar

» Erlend verðbréf **26,9%** af eignasafni

» Óvissa með stöðu framvirkra gjaldmiðlavarnarsamninga við slitastjórn Glitnis

---

## ÁVÖXTUN SJÓÐSINS

---

- » Ávöxtun var **10,3%** sem samsvarar **6,4%** raunávöxtun
- » Hrein ávöxtun var **10,2%** sem er **6,3%** raunávöxtun
- » Meðalraunávöxtun síðustu 5 ára er 4,4%
- » Meðalraunávöxtun síðustu 10 ára er 3,4%
- » Meðalraunávöxtun síðustu 20 ára er 4,6%



---

## SÉREIGNARDEILD


---

- » Iðgjöld **476** milljónir en 445 milljónir árið áður
- » Lífeyrir **334** milljónir en 415 milljónir 2012
- » Heildareignir **8,4** milljarðar en 7,5 milljarðar í árslok 2012
- » Fjöldi með inneignir **41.000**
- » Verðbréfaleið: Nafnávöxtun **10,2%** og raunávöxtun **6,3%**
- » Innlánsleið: Nafnávöxtun **5,2%** og raunávöxtun **1,5%**

## TRYGGINGAFRÆÐILEG STAÐA

	2013	2012
Heildarstaða ma.kr.	6,5	-2,7
% af heildarskuldbindingum	0,9%	-0,4%
Áfallin staða ma.kr.	19,6	10,9
% af áföllnum skuldbindingum	4,6%	2,8%
Framtíðarstaða ma.kr.	-13,1	-13,6
% af framtíðarskuldbindingum	-4,3%	-4,7%

# ÞRÓUN TRYGGINGAFRÆÐILEGRAR STÖÐU



---

# FJÁRFESTINGARSTEFNA

---

- » LV er fagfjárfestir
- » Fjárfestingar taka mið af varúðarsjónarmiðum, áhættu og langtímaskuldbindingum sjóðsins
- » Lífeyrisbyrði fer hægfara vaxandi
- » LV getur beitt langtímamarkmiðum við ákvörðun um fjárfestingastefnu

# FJÁRFESTINGARSTEFNA 2014

Eignaflokkur	Markmið %	Lágmark %	Hámark %
Innlán í bönkum og sparisjóðum	2	0	15
Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	30	20	45
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	3	0	10
Skuldabréf og vixlar banka, sparisjóða og annarra lánastofnana	5	0	10
Skuldabréf fyrirtækja og önnur verðbréf	5	0	15
Fasteignaveðtryggð skuldabréf	10	5	20
Innlend hlutabréf og hlutdeildarskírteini	15	5	25
Erlend verðbréf	30	20	40

# FJÁRHAGSÁÆTLUN 2014

Fjárfestingar	Ráðstöfun
Sjóðfélagar	5-10%
Skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	20-30%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	0-15%
Skuldabréf lánastofnana	0-15%
Skuldabréf fyrirtækja og önnur verðbréf	15-25%
Innlend hlutabréf	20-35%
Erlend verðbréf	10-20%

---

# TILNEFNINGAR Í STJÓRN 2013 - 2016

---

- » Stjórn skipuð átta mönnum
- » Fjórir tilnefndir af VR
- » Fjórir af samtökum atvinnurekenda

---

# TILNEFNINGAR VR

---

## Aðalmenn

Ásta Rut Jónasdóttir

Birgir Már Guðmundsson

Fríður Birna Stefánsdóttir

Páll Örn Líndal

## Varamenn

Benedikt Vilhjálmsson

Heiða Jóna Hauksdóttir

Ívar Alfreð Grétarsson

Auður Árnadóttir



---

# TILNEFNINGAR SAMTAKA ATVINNUREKENDA

---

## Aðalmenn

Anna G. Sverrisdóttir tilnefnd af SA af fengnu álití VÍ

Benedikt Kristjánsson tilnefndur af KÍ

Guðný Rósa Þorvarðardóttir tilnefnd af Félagi atvinnurekenda

Helgi Magnússon tilnefndur af SI að fengnu álití SA

## Varamenn

Ásta Bjarnadóttir tilnefnd af SA að fengnu álití VÍ

Margrét Sif Hafsteinsdóttir tilnefnd af KÍ

Birgir S. Bjarnason tilnefndur af Félagi atvinnurekenda

Bjarni Már Gylfason tilnefndur af SI að fengnu álití SA

---

# LAUN STJÓRNAR

---

- » Laun stjórnarmanna eru 142.500 kr. á mánuði
- » Stjórnarformaður fær tvöföld stjórnarlaun
- » Varaformaður fær ein og hálföld stjórnarlaun



LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

# ÁRSFUNDUR

17. MARS

2014

# LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

## Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna (LV) var haldinn mánudaginn 17. mars 2014 í Gullteigi á Grand Hótel og hófst fundurinn kl. 18.

Ásta Rut Jónasdóttir, formaður stjórnar sjóðsins, setti ársfundinn og bauð fundarmenn velkomna. Formaður gerði tillögu um Ólaf Gústafsson hrl. sem fundarstjóra og var hún einróma samþykkt. Fundarstjóri lagði til að Gerður Björk Guðjónsdóttir, deildarstjóri hjá lífeyrissjóðnum, yrði fundarritari og var það samþykkt. Fundarstjóri gerði síðan grein fyrir boðun fundarins sem auglýstur var í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu þann 15. febrúar og 17. mars. Upplýsingar um fundinn komu jafnframt fram í starfsemisauglýsingu sjóðsins í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu 22. febrúar. Einnig var sett tilkynning um ársfundinn á heimasíðu sjóðsins. Lýsti hann því fundinn lögmætan.

### 1. Skýrsla stjórnar

Ásta Rut Jónasdóttir formaður flutti skýrslu stjórnar. Skýrsla formanns er í fylgiriti með fundargerðinni.

### 2. Greinargerð framkvæmdastjóra

Guðmundur Þ. Þórhallsson, framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins, gerði grein fyrir ársreikningi sjóðsins fyrir árið 2013, tryggingafræðilegri athugun miðað við árslok 2013, fjárfestingarstefnu og fjárhagsáætlun 2014, ásamt því sem hann gerði grein fyrir tilnefningum í stjórn sjóðsins og ákvörðun um laun til stjórnar. Yfirferð framkvæmdastjóra er í kynningarglærum með fundargerðinni.

### 3. Tillögur stjórnar til breytinga á samþykktum

Tómas N. Möller, lögfræðingur sjóðsins, fór yfir tillögur að breytingum á samþykktum sjóðsins. Tillögurnar miða m.a. að breyttri framreikningsreglu, sem ætlað er að einfalda fyrir sjóðfélögum að átta sig á örorku- og makalífeyrisrétti. Einnig eru breytingar sem varða sérákvæði LV varðandi makalífeyrisréttindi, breytingar til samræmis við samþykktir annarra lífeyrissjóða og loks breytingar sem varða form en hafa ekki efnisbreytingu í för með sér. Kynninguna má finna í fylgiriti með fundargerðinni.

### 4. Umræður og önnur mál

Stefán Einar Stefánsson tók til máls og þakkaði fyrir góðan rekstrarárangur og góða yfirferð yfir tillögur að samþykktarbreytingum sjóðsins. Taldi hann að orðssporðsáætta væri mesta ógn við lífeyriskerfið og að mikilvægt væri að sjóðfélagar fjalli með málefnalegum og jákvæðum hætti um sinn lífeyrissjóð.

Stefán sagði að vel hefði tekist til við kynningu á lífeyrissjóðnum en að sífellt þurfi að vera vakandi fyrir nýjum samskiptaeyðum. Þá spurði hann hvort LV gæti með einhverjum hætti haft áhrif til þess að losa um gjaldeyrishöftin.

Guðmundur Ingi Kristinsson örorkulífeyrisþegi taldi bagalegt að góð ávöxtun og hækkun lífeyris hjá lífeyrissjóðum hefði síðan áhrif til lækkunar á bótum hjá Tryggingastofnun.

Ragnar Þór Ingólfsson tók til máls og sagði að afkoma sjóðsins hefði verið betri á liðnu ári en hann átti von á. Spurði hann hvert væri bókfært heildartap á gjaldmiðlavarnarsamningum sjóðsins frá árinu 2008 og hvort framkvæmdastjóri fengi umframgreiðslur í formi lífeyrisauka. Einnig spurði hann hvort sjóðnum hefði ekki verið skylt að skerða lífeyri árið 2010 í stað þess að breyta réttindaávinnslu iðgjaldagreiðenda með lækkun réttindataflna. Ennfremur spurði hann hvort bólu myndun hlutabréfa og hlutfall ríkistryggðra skuldabréfa í eignasafninu væri ekki áhyggjuefni fyrir stjórnendur sjóðsins og hvort einhver plön væru varðandi það fjárfestingarumhverfi sem LV starfar í. Að lokum spurði hann hvað áhættustefna LV hefði verið lengi í gildi hjá sjóðnum.

Framkvæmdastjóri svaraði fyrirspurnum. Taldi hann að lífeyrissjóðir ættu að vera í forgangi þegar opnað verður fyrir erlenda fjárfestingu. Þá sagði hann innlenda hlutabréfasafn sjóðsins væri byggt upp á allt öðrum verðum en eru á markaði í dag. Þannig námu skráð innlend hlutabréf sjóðsins um síðustu áramót um 48 milljörðum en kostnaðarverð safnsins er rétt rúmlega helmingur af markaðsverði. Sagði hann að innlend hlutabréf væri sá eignaflokkur LV sem hefði sýnt bestu árlega raunávöxtun frá árinu 1980. Varðandi réttindaskerðinguna 2010 sagði hann að bæði lífeyrisgreiðslur og áunnin lífeyrisréttindi hefðu verið lækkuð og samhliða teknar upp nýjar réttindatöflur í þeim tilgangi að samspil iðgjalda og réttindaávinnslu væri sem réttust hverju sinni. Varðandi áhættustefnuna þá sagði hann að stjórn LV hefði samþykkt áhættustefnu fyrir sjóðinn árið 2012. Framkvæmdastjóri sagðist ekki hafa áhyggjur af því að sjóðurinn þyrfti að selja verðbréf, því lausafjárstaða væri um 30 milljarðar auk þess sem afborganir af skuldabréfaeign sjóðsins duga riflega fyrir lífeyrisgreiðslum hverju sinni.

Stjórnarformaður sjóðsins svaraði einnig fyrirspurnum og var sammála Stefáni um orðsporsáhættu lífeyriskerfisins í heild. Varðandi bóllumyndum sagði hún ákveðna áhættur til staðar því við búum við lokað hagkerfi, en þetta er það umhverfi sem við verðum að vinna með en ekki gegn því. Hún sagði framkvæmdastjóra fá viðbótarlífeyrissparnað sem er hluti af launum hans.

Víglundur Þorsteinsson kvaddi sér hljóðs og þakkaði stjórn og starfsmönnum fyrir vel unnin störf og góða ávöxtun á liðnu ári. Hann benti Guðmundi Inga Kristinssyni á að ársfundur LV væri í raun ekki rétti vettvangurinn til að tala um skerðingar Tryggingastofnunnar vegna greiðslna úr lífeyrissjóðum, það þyrfti að beina því að stjórnvöldum. Varðandi hugmyndir Ragnars Þórs Ingólfssonar um blandað lífeyriskerfi þá taldi hann farsælast að treysta á sjóðsöfnunarlífeyriskerfi heldur en gegnumstreymiskerfi. Víglundur taldi að þjóðin kæmist ekki úr gjaldeyrishöftum nema útflutningstekjur þjóðarinnar myndu stóraukast. Þá minnti hann á að ef lífeyrissjóðirnir hefðu ekki fjárfest erlendis fyrir hrun, þá hefði bóllumyndun á hlutabréfamarkaði á þeim tíma orðið enn meiri.

Stefanía Magnúsdóttir sjóðfélagi og fyrrum stjórnarmaður í stjórn LV, þakkaði fyrir góða ávöxtun og jákvæða tryggingafræðilega stöðu og jafnframt óskaði hún sjóðnum til hamingju með fyrstu konuna sem verður stjórnarformaður LV. Vék hún að orðsporsáhættu og sagði mikilvægt að gagnrýni á sjóðinn yrði að vera málefnaleg. Sagði hún að það væri engum til gagns að vera fastur í gömlum viðjum neikvæðni í garð sjóðsins og hvatti hún sjóðfélaga til meiri jákvæðni í umfjöllun um sjóðinn.

Ragnar Þór tók til máls og sagðist ekki skilja góða ávöxtun innlendra hlutabréfa LV í ljósi þess að innlendir hlutbréfamarkaður þurrkaðist út í hruninu. Þá sagði hann að áhættustefna sjóðsins væri vel fram sett í ársskýrslunni.

Hjálmar Jónsson, þakkaði stjórn og starfsmönnum góðan árangur á liðnu ári og spurði hvaða áhrif breytingar á samþykktum sjóðsins komi til með að hafa á tryggingafræðilega stöðu.

Framkvæmdastjóri svaraði fyrirspurnum. Sagði hann að samþykktarbreytingarnar hefðu um 3,2 milljarða jákvæð nettó áhrif eða 0,4% á tryggingafræðilega stöðu. Varðandi spurningu Ragnars um tap á gjaldmiðlavarnarsamningum þá sagði hann að skuldfært hefur verið í ársreikningi 13,8 milljarðar vegna þeirra en áður var búið að skuldfæra um 9,5 milljarða. Þá sagði hann mikilvægt að réttindatöflur sjóðsins væru sem réttastar hverju sinni þannig að þau iðgjöld sem greidd eru til sjóðsins skapi sem réttust lífeyrisréttindi.

Víglundur Þorsteinsson tók aftur til máls og sagði uppsafnaða liðlega 30 ára fjárfestingu í innlendum hlutabréfum samsvara 8,9% árlegri raunávöxtun. Yfir þetta tímabil hefur sjóðurinn keypt og selt hlutabréf og við hrunið 2008 var sjóðurinn því búinn að innleysa góðan hagnað af hlutabréfafjárfestingum sínum. Sagði hann Ragnar Þór Ingólfsson vera með ranga hugsun í málinu með því að horfa eingöngu á endapunktinn í hruninu því ávinningur sjóðsins er miklu meiri en tapið sem varð 2008.

Stefán Einar Stefánsson spurði í ljósi umræðunnar um orðsporsáhættu hvað LV þyrfti að skila mikilli raunávöxtun á næstu árum til þess að geta hækkað aftur lífeyrisréttindi og ná þannig til baka hluta af lækkuninni 2010.

Framkvæmdastjóri sagði að frá 1997 hefðu lífeyrisréttindi LV hækkað um 24% og að teknu tilliti til 10% skerðingarinnar árið 2010 væru sjóðfélagar búnir að fá samanlagt 12% raunhækkun á þessum 16 árum. Þá sagði hann að hvert prósent í raunávöxtun umfram 3,5% myndi bæta tryggingafræðilega stöðu um 0,5% að öðrum þáttum óbreyttum í tryggingafræðilegu uppgjöri.

Andrés B Sigurðsson lagði fram eftirfarandi ályktun um kjör til stjórnar LV:

*Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna haldin 17. mars 2014 beinir þeirri ályktun til núverandi stjórnarformanns og fyrrverandi stjórnarformanns að þeir beiti sér fyrir nýju fyrirkomulagi í kjöri í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna þar sem allir stjórnarmenn verði kjörnir á aðalfundi af sjóðfélögum eins fljótt og því verður við komið.*

Helgi Magnússon varaformaður stjórnar LV kvaddi sér hljóðs varðandi framangreinda ályktun. Sagði hann þetta ekki vera nýtt umfjöllunarefni hvernig haga skuli vali í stjórnir lífeyrissjóða. Taldi hann núverandi fyrirkomulag hafa reynst vel og góð sátt væri um það. Benti hann á að Hagfræðistofnun Háskóla Íslands hefði fyrir nokkrum árum tekið saman að fyrirkomulagið á Íslandi væri í meginatriðum svipað og í Skandinavíu, Englandi og Hollandi. Sagði hann að tillagan yrði tekin til umræðu í stjórninni.

Víglundur Þorsteinsson sagði að val í stjórnir lífeyrissjóða væri kjarasamningsbundið mál og benti t.d. á að þegar halli var á sjóðnum fyrir nokkrum árum þá var iðgjaldshluti vinnuveitenda til lífeyrissjóða aukinn samkvæmt kjarasamningi.


Eftir umræðu um tillöguna var hún borin undir fundinn og var hún felld með öllum greiddum atkvæðum nema tveimur.

Helgi Magnússon sagðist skilja áhyggjur fólks af af þenslumyndum á eignamarkaði innanlands. Eignasafn sjóðsins væri vel dreift innanlands og erlendis og mikilvægt væri




að halda áfram að reka sjóðinn vel. Þrátt fyrir að hafa verið í gjaldeyrishöftum síðustu fimm árin þá eru 27% af eignum sjóðsins erlendis. Sagði hann mikilvægt að losa höftin sem fyrst og að lífeyrissjóðirnir verði að vera framarlega í röðinni þegar opnað verður aftur fyrir erlendar fjárfestingar. Að lokum sagði hann mikilvægt að efla kauphöllina þannig að fleiri fyrirtæki verði skráð á markaði samhliða því að tekinn verði aftur upp skattafsláttur til almennings vegna hlutabréfakaupa.

Fleiri tóku ekki til máls. Fundarstjóri þakkaði fundarmönnum fyrir setu þeirra á ársfundinum og sleit fundi kl. 20:35.



Ólafur Gústafsson hrl.  
fundarstjóri



Gerður Björk Guðjónsdóttir  
fundarritari